

STEF
Ársreikningur
2025

STEF
Laufásvegi 40
101 Reykjavík
kt. 620269-5739

STEF

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila STEFs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning STEFs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð STEFi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi STEFs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 13. maí 2026.

Deloitte ehf.

Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila STEFs

Við undirritaðir skoðunarmenn STEFs, höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2025. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 13. maí 2026.

Eyjólfur Kristjánsson

Tryggvi M Baldvinsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur STEFs fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

STEF eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar. Samtökin gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta er varða höfundarétt. Samtökin starfa á grundvelli viðurkenningar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum. Þau vinna að því að efla og styrkja nýsköpun og stuðla að grósku tónlistar á Íslandi. Samtökin safna ekki eignum í eigin þágu.

Starfsemin á árinu

Tekjur STEFs námu 1.512 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 1.267 millj. kr.) og hækkuðu því um 245 millj. kr. milli ára, eða um 19,4%. Hreinar tekjur ársins 2025 námu 1.266 millj. kr. (2024: 1.062 millj. kr.). Heildareignir voru 1.762 millj.kr. í árslok (1.350 millj.kr. 2024). Eigið fé nam 1.298 millj. kr. í árslok (2024: 961 millj. kr.), þar af var óráðstafað eigið fé 1006 millj. kr. (2024: 695 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri STEFs staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2026.

Í stjórn

Páll Ragnar Pálsson, formaður

Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður

Hallur Ingólfsson

Magnús Jóhann Ragnarsson

Hildur Kristín Stefánsdóttir

Halldór Smáráson

Sóley Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Flutningsréttartekjur, innlendar		956.663.905	762.957.840
Flutningsréttartekjur, erlendar		151.309.005	125.969.666
Streymisveitur og eintakagerð		281.805.273	259.365.914
Aðrar tekjur		69.305.027	74.724.109
Sértekjur tónmenntasjóða		52.964.849	43.755.517
		<u>1.512.048.059</u>	<u>1.266.773.046</u>
Laun og launatengd gjöld	4	(208.066.734)	(177.035.287)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(44.056.819)	(43.132.954)
Annar rekstrarkostnaður		(32.092.848)	(29.023.345)
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna		(9.177.285)	(3.474.572)
		<u>(293.393.686)</u>	<u>(252.666.158)</u>
Rekstrarhagnaður		1.218.654.373	1.014.106.888
Fjármunatekjur		47.453.209	48.331.641
Hagnaður ársins		<u>1.266.107.582</u>	<u>1.062.438.529</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Fasteign	7	220.400.000	201.920.000
Húsbúnaður og tæki	7	6.256.000	6.256.000
Fjárfestingarverðbréf	8	150.515.756	134.031.316
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		597.718	1.850.227
		<u>377.769.474</u>	<u>344.057.543</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		328.505.389	291.767.911
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur		82.621.587	39.488.518
Handbært fé		972.907.220	674.873.482
		<u>1.384.034.196</u>	<u>1.006.129.911</u>
Eignir		<u>1.761.803.670</u>	<u>1.350.187.454</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Endurmatsreikningur	9	177.157.378	158.677.378
Eigið fé sjóða	10	115.232.873	107.616.101
Óráðstafað eigið fé	11	1.005.813.810	695.192.409
Eigið fé		<u>1.298.204.061</u>	<u>961.485.888</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd úthlutun		397.089.788	347.972.855
Aðrar skammtímaskuldir		66.509.821	40.728.711
		<u>463.599.609</u>	<u>388.701.566</u>
Skuldir		<u>463.599.609</u>	<u>388.701.566</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.761.803.670</u>	<u>1.350.187.454</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur		1.476.573.277	1.309.351.482
Greiddur rekstrarkostnaður		(295.374.229)	(243.386.847)
Innborgaðar fjármunatekjur		38.568.819	39.920.921
Handbært fé frá rekstri		<u>1.219.767.867</u>	<u>1.105.885.556</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf og skuldabréf		(6.456.695)	4.424.035
		<u>(6.456.695)</u>	<u>4.424.035</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar úthlutanir STEFs	10	(816.669.999)	(1.030.645.636)
Greiddar ráðstafanir sjóða		(109.921.097)	(94.793.076)
Fært úr Minningarsjóði v. niðurlagningar sjóðs		11.313.662	0
		<u>(915.277.434)</u>	<u>(1.125.438.712)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		298.033.738	(15.129.121)
Handbært fé í upphafi árs		674.873.482	690.002.603
Handbært fé í lok árs		<u>972.907.220</u>	<u>674.873.482</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

STEF eru hagsmunasamtök tón- og textahöfunda á Íslandi. STEF innheimtir gjöld fyrir notkun tónlistar sem flutt er opinberlega, fyrir hönd tónhöfunda. Viðskiptavinir STEFs eru t.d. útvarps- og sjónvarpsstöðvar, tónleikahaldarar, verslanir, veitingastaðir, hárgreiðslustofur og heilsuræktarstöðvar, sem og tónlistarveitur eins og Spotify og YouTube. STEF hefur sérstaka viðurkenningu ráðuneytis menningar-, nýsköpunar- og háskólamála til að innheimta fyrir alla tónhöfunda og lýtur eftirliti ráðuneytisins skv. lögum um sameiginlega umsyslu höfundaréttar nr. 88/2019. STEF úthlutar því sem innheimt er til hlutaðeigandi rétthafa, innlendra sem erlendra. Úthlutun fer fram á grundvelli upplýsinga um hvaða verk hafa verið flutt, t.d. í útvarpi, og styðst við skráningu verka í gagnagrunnum, eftir því sem hægt er.

STEF er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun á skrifstofu	158.960.608	134.401.942
Stjórnarlaun	9.449.116	8.957.008
Laun skoðunarmanna	287.312	271.050
	<hr/>	<hr/>
	168.697.036	143.630.000
Lífeyrissjóður	22.141.777	18.628.706
Aðrir sjóðir	1.897.514	1.715.766
Tryggingagjald	12.084.260	10.498.387
Áunnið orlof, breyting	619.107	2.562.428
Áfallinn starfslokakostnaður, breyting	2.627.040	0
	<hr/>	<hr/>
	39.369.698	33.405.287
	<hr/>	<hr/>
	208.066.734	177.035.287
Meðalfjöldi stöðugilda	11,1	10,7

5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	47.979.095	55.982.632
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	884.519	1.358.843
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	304.309	465.134
Gengismunur	1.502.099	(3.214.663)
Tekjur af verðbréfasjóðum	10.699.202	10.500.558
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld	(549.517)	(1.274.694)
Fjármagnstekjuskattur	(13.366.498)	(15.486.169)
	<hr/>	<hr/>
	47.453.209	48.331.641

Skýringar

6. Skattar

STEF greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins til greiðslu á næsta ári þar sem STEF hefur þegar greitt þann skatt sem afdráttarskatt af innborguðum fjármunatekjum ársins. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Innréttingar, búnaður og tæki eru metin þannig að kostnaðarverð eigna frá fyrra. Viðbætur ársins eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Eignarhluti STEFs í fasteigninni á Laufásvegi 40 er 80%, en meðeigendurnir TÍ og FTT eiga 20%. Bókfært verð var myndað af endurmetnu stofnverð auk eignfærðs endurbótakostnaðar á árinu 2018, sem var stutt af verðmati óháðra fasteignasala. Fasteignamat er síðan talið endurspeglar markaðsvirði fasteignarinnar og þróun fasteignaverðs. Fasteignin var því endurmetin í árslok byggt á nýju fasteignamati og var endurmatshækkunin færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Hlutdeild í fasteignamati og váttryggingamati eigna árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	220.400.000	126.240.000
Aðrar lausafjártryggingar		21.707.895

8. Fjárfestingarverðbréf

Breyting fjárfestingareigna greinist þannig:	2025	2024
Verðbréfaeignir í ársbyrjun	142.513.955	135.515.809
Fært úr Minningarsjóði v. niðurlagninar sjóðs	11.313.662	
Keypt / (selt) á árinu	(3.095.000)	(2.935.000)
Greiðslur kostnaðar og fjármagnstekjuskatts	(618.612)	(567.411)
Matsbreyting verðbréfa á árinu	11.061.017	10.500.557
Staða verðbréfaeigna í árslok	161.175.022	142.513.955
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur í ársbyrjun	(8.482.639)	(6.392.802)
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur á áunna ávöxtun ársins	(2.176.627)	(2.089.837)
Staða í árslok	150.515.756	134.031.316

9. Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur greinist þannig:	2025	2024
Endurmatsreikningur í ársbyrjun	158.677.378	145.717.378
Endurmatsbreytingar ársins	18.480.000	12.960.000
	177.157.378	158.677.378

Skýringar

10. Eigið fé sjóða

STEF hefur umsjá og vörslu sinni sjö sjóði sem hafa hver sinn tilgang og reglur. Samkvæmt úthlutunarreglum STEFs er lagt til framlag í Menningarsjóð sem er úthlutað til menningarmála og aðrir sjóðir hafa sérstaka tekjustofna. Árið 2003 var stofnaður sérstakur sjóður, Ferðasjóður, og samkvæmt reglum hans er heimilt er að ráðstafa allt að 10% af eignum sjóðsins, miðað við hver áramót, til ferðastyrkja til handa rétthöfum og starfsfólki STEFs. Til viðbótar við stofntillag sjóðsins, og síðari sértillög, er árlegt tillag reiknað í samræmi við nettóávöxtun verðbréfasjóða STEFs, sem er ætlað að standa á bak við ferðasjóðinn. Hluti eigin fjár STEFs er bundinn þessum sjóðum og er það fært undir þessum lið efnahagsreikningsins. Breyting á stöðu sjóða 1. janúar til 31. desember og hlutdeild þeirra í eigin fé greinist þannig:

10,1. Menningarsjóður

	2025	2024
Menningarsjóður í ársbyrjun	1.054.123	1.706.419
Framlag STEFs	50.600.000	48.200.000
	<u>51.654.123</u>	<u>49.906.419</u>
Tillag til TÍ	(10.937.531)	(10.441.464)
Tillag til FTT	(10.937.534)	(10.441.464)
Framlag vegna Samtóns	(840.509)	(910.750)
Framlag til Samtóns vegna DÍT	(408.330)	(1.081.058)
Framlag til Samtóns vegna ÍTV	(6.883.195)	(5.817.576)
Framlag til Tónlistarmiðstöðvar	(2.500.000)	(2.500.000)
Framlag til "Vindur í seglum"	0	(600.000)
Framlag í Upptökusjóð	(8.000.000)	(7.000.000)
Styrkir stjórnar	(1.450.000)	(1.500.000)
Framlag í Stórverkasjóð	(4.760.000)	(4.400.000)
Önnur framlög og kostnaðarþátttaka	(3.013.986)	(4.159.984)
	<u>(49.731.085)</u>	<u>(48.852.296)</u>
	<u>1.923.038</u>	<u>1.054.123</u>

10,2. Nótнасjóður

Nótнасjóður í ársbyrjun	1.148.226	2.109.369
Sértekjur frá Fjölís	15.238.832	9.618.857
	<u>16.387.058</u>	<u>11.728.226</u>
Styrkir	(11.375.000)	(10.220.000)
Nefndarlaun	(360.000)	(360.000)
	<u>(11.735.000)</u>	<u>(10.580.000)</u>
	<u>4.652.058</u>	<u>1.148.226</u>

Skýringar

10.3. Upptökusjóður

	2025	2024
Upptökusjóður í ársbyrjun	1.485.957	1.555.957
Framlag úr Menningarsjóði	8.000.000	7.000.000
Sértekjur IHM vegna kapalgeira	17.488.340	11.340.000
	<u>26.974.297</u>	<u>19.895.957</u>
Styrkir	(14.650.000)	(11.800.000)
Erlend úthlutun vegna tekna frá IHM kapalgeira	(9.330.090)	(6.050.000)
Nefndarlaun	(560.000)	(560.000)
	<u>(24.540.090)</u>	<u>(18.410.000)</u>
	<u>2.434.207</u>	<u>1.485.957</u>

10.4. Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar2

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöð2 í ársbyrjun	(65.775)	(140.000)
Sértekjur, framlag SÝN	0	3.000.000
Sérstakt framlag STEFs	2.945.775	0
Sértekjur vegna flutningsréttar frá SÝN	3.000.000	3.000.000
	<u>5.880.000</u>	<u>5.860.000</u>
Styrkir	(5.700.000)	(5.700.000)
Nefndarlaun	(180.000)	(225.775)
	<u>(5.880.000)</u>	<u>(5.925.775)</u>
	<u>0</u>	<u>(65.775)</u>

10.5. Stórverkasjóður

Stórverkasjóður í ársbyrjun	(70.000)	0
Framlag úr Menningarsjóði	4.760.000	4.400.000
	<u>4.690.000</u>	<u>4.400.000</u>
Styrkir	(4.200.000)	(4.200.000)
Nefndarlaun	(360.000)	(270.000)
	<u>(4.560.000)</u>	<u>(4.470.000)</u>
	<u>130.000</u>	<u>(70.000)</u>

10.6. Ferðasjóður

Ferðasjóður í ársbyrjun	104.063.570	101.485.570
Tillag ársins (ávöxtun sjóðs)	6.600.000	5.953.000
Styrkveitingar ársins og nefndarlaun	(4.570.000)	(3.375.000)
	<u>106.093.570</u>	<u>104.063.570</u>
Samtals eigið fé sjóða.....	<u>115.232.873</u>	<u>107.616.101</u>

Skýringar

11. Óráðstafað eigið fé

Til ráðstöfunar:

	2025	2024
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	695.192.409	771.318.450
Hreinar tekjur ársins	1.266.107.582	1.062.438.529
Fært til endurúthlutunar	27.572.365	0
Vegna niðurlagningar Minningarsjóðs	11.313.662	0
Sértekjur sjóða í vörslu STEFs	(35.727.172)	(26.958.857)
Sértekjur Tónskáldasjóðs RUV og STEFs	(17.237.677)	(16.796.660)
Hlutdeild Tónlistarsjóðs kirkjunnar skv. samningi	(3.226.319)	(3.319.191)
Til ráðstöfunar.....	1.943.994.850	1.786.682.271

Ráðstöfun:

Tillög í Ferðasjóð	(6.600.000)	(5.953.000)
Framlag í Menningarsjóð	(50.600.000)	(48.200.000)
Framlag í Tónskáldasjóð Bylgjunnar og Stöðvar2	(2.945.775)	0
Úthlutun innanlands	(601.513.121)	(613.758.263)
Úthlutun til útlanda	(253.662.999)	(222.083.098)
Úthlutun til útlanda vegna Netflix	0	(192.022.151)
Biðreikningur vegna innheimtu hjá NMP	(22.859.145)	(9.473.350)
Ráðstafað alls.....	(938.181.040)	(1.091.489.862)
Óráðstafað eigið fé í árslok	1.005.813.810	695.192.409

12. Yfirlit yfir úthlutanir á árinu

Eftirfarandi er yfirlit yfir úthlutanir ársins sem er hluti af ráðstöfunum óráðstafaðs eigin fjár í skýringu 11 og sjóða í skýringu 10.

	2025	2024
Úthlutanir:		
Aðalúthlutun (2x á ári)	282.045.164	296.385.867
NCB/NMP v. útgáfu og tónlistarveita (4x á ári)	124.604.273	114.984.627
Tónleikar (2x á ári)	56.214.919	44.271.452
Flutningur erlendis (4x á ári)	138.648.765	158.116.317
Innanlands samtals	601.513.121	613.758.263
Erlend úthlutun (til STIM)	253.662.999	222.083.098
Erlend úthlutun (til STIM v. Netflix)	855.176.120	835.841.361
Erlend úthlutun (til STIM v. Netflix)	0	192.022.151
.....	855.176.120	1.027.863.512
Styrkir og aðrar úthlutanir sjóða:		
Styrkir og verkefni Menningarsjóðs	36.971.085	37.452.296
Styrkir úr Nótnasjóði	11.735.000	10.580.000
Styrkir úr Upptökusjóði	15.210.000	12.360.000
Framlag í Tónskáldasjóð RUV og STEFs	17.237.677	16.796.660
Framlag í Tónlistarsjóð kirkjunnar	3.226.319	3.319.191
Styrkir úr Tónskáldasjóði Bylgjunnar og STEFs	5.880.000	5.925.775
Styrkir úr Stórverkasjóði	4.560.000	4.470.000
Styrkir Ferðasjóðs	4.570.000	3.375.000
Innanlands samtals	99.390.081	94.278.922
Erlend úthlutun Upptökusjóðs (greitt til STIM)	9.330.090	6.050.000
.....	108.720.171	100.328.922
Úthlutanir ársins.....	963.896.291	1.128.192.434

Skýringar

13. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og gildandi skatthlutfalli.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð.

Verðmatsþækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.